

FUNAFRÉTTIR

Rósa Steinunn Hreinsdóttir
Halldórsstöðum
601 Akureyri



4. Tölublað.


5. Árgangur.

Desember 2000.

Hesthús til leigu.

Til leigu er stóðhestahúsið á Melgerðismelum.
Í húsinu er pláss fyrir 32 hross í 26 stíum.
Leigutími er fyrirhugaður frá 1. janúar 2001 til
15. júní 2001, nema um annað sé samið.
Allar nánari upplýsingar veitir Sigfús Helgason
í síma 867-4052.

Hestamannafélögin Léttir og Funi.



Af netinu:

Pískendi olli stífkrampnum í Andvara.


Pískendi fannst í hálsi stóðhestsins Andvara frá Ey við uppskurð hjá Dýralæknabjónustu Suðurlands fyrir helgi. Páll Stefánsson dýralæknir segir að undanfarnar þrjár vikur hafi kýli verið að myndast á hálsi Andvara, rétt aftan við eyrun, um annan hálslið. Kýlið var myndað og þá sást að aðskotahlutur var inni í hálsi hestsins.

Við uppskurð fannst tæplega 4 cm. langur pískendi, 10 til 12 cm. inni í hálsinum á Andvara og telur Páll að þarna sé komin orsökinn fyrir stífkrampnum sem hesturinn sýktist af fyrr á árinu. Páll segir að til að bakterían sem valdi stífkrampnum nái sér á strik þurfi hún loftleysi og yfirleitt sýkist hross þegar einhver aðskotahlutur stingst djúpt inn í vef eða vöðva. Ómögulegt sé hins vegar að segja til um hvaðan pískendinn hafi komið og hvers vegna hann hafi stungist inn í hálsinn á hestinum. Andvari er að jafna sig eftir aðgerðina og er við góða heilsu.

27. nóvember 2000 - Sólveig Ólafsdóttir.



TIL FRÓÐLEIKS - ELSTA ÍSLENSKA HROSSIÐ.



Tulle, 55 ára.

Íslenska hryssan Tulle varð 57 ára.

Árið 1952 tók blaðamaður viðtal við hinn 82 ára gamla Andreas Larsen í Danmörku, sem sagði: “Tulle og ég höfum verið vinir í 34 ár og nú heldur hún upp á 55 afmælið sitt. Hún var 21 þegar ég eignaðist hana og næstu 28 árin dró hún litla vagninn minn frá einum bóndabænum til annars, en varningurinn var egg. Í síðasta stríði dró hún meira að segja eggin til Kaupmannahafnar, sem er 25 mílna vegalengd, en þá var hún 45 ára! Hún kunni utanað alla aðalvegina og hliðargötturnar og vissi nákvæmlega hversu lengi við vorum vön að dvelja á hverjum bæ. Ef ég fór að spjalla og dvaldist því lengur á bænum heldur en verkið krafðist, þá einfaldlega lagðist hún niður í aktygjunum og braut þannig meira en einn meið á vagninum. Þannig að hún kenndi mér stundvísi.

Eftir styrjöldina sagði ég henni að hún myndi eftirleiðis lifa á mér og ekki þurfa að vinna fyrir sér. Hún skildi þetta alveg, því að síðasta haust, þegar ég ætlaði að fá hana til að hjálpa mér við að herfa örlítinn kartöfluskíka, þá neitaði hún algerlega að draga. Ég skammaði hana og sagði að það væri óréttlátt að skilja gamlan mann eftir bjargarlausan, en hún snéri sér körg undan. Svo ég lagðist fyrir herfið og byrjaði að draga. Varla hafði ég stigið fyrsta skrefið, þegar stór haus ýtti undir arminn minn, þarna var Tulle komin, leið yfir ókurteisi sinni! Hún vissi að ég var eldri en hún og að það þurfti að taka tillit til þess. Það er líka ástæða þess að hún hreyfði sig aldrei hraðar en ég.

Hún var alltaf trygg, þolinmóð og ljúf. Öll börnin á bæjunum sem við komum á, elskuðu hana. Hún varð aldrei veik eitt einasta skipti á hinum 55 árum. Oft trúði ég henni fyrir vandamálum mínum þegar við ferðuðumst saman og sagði henni frá hugsunum sem ég hefði engum öðrum sagt! Einnig sat ég oft við hlið hennar í hesthúsinu eða í haganum. Það hefur verið yndislegt að eiga svona langan tíma með sama hrossinu. Ég og fjölskylda mín hlutum ekkert nema hamingju af samskiptum okkar Tulle. Hún sveik okkur aldrei.”

Þann 28. ágúst 1954 birtist eftirfarandi klausa í Berlinske Tidende:

“Tulle, elsta hross sem var lifandi í heiminum, er dáið. Sorgin yfir dauða eiganda hennar tók frá henni lífsviljann. Þegar Andreas gamli Larsen hætti að koma til hennar, lagðist hún niður ákveðin í að éta ekki né standa upp. Ekki var hægt að greina nein veikindi á henni, hún einfaldlega visnaði upp. Að lokum varð dýralæknirinn að líkna henni og sprauta hana síðustu sprautuna. Margar vísindastofnanir bitust um beinagrind hennar, en að lokum var fallist á að grafa elsta hross þessarar aldar virðulega, á þeim stað þar sem hún hafði lifað svo lengi og orðið öllum til gleði.”



Árgjöld 2000.

Að gefnu tilefni vill stjórn Funa minna þá félagsmenn sem enn eiga eftir að greiða árgjöldin sín, að gera skil sem allra fyrst.



Starfsskýrslur nefnda.

Nefndir félagsins þurfa að skila starfsskýrslum sínum til formanns eigi síðar en 1. febrúar 2001. Þeir sem eru nettengdir geta sent skýrslurnar í tölvupósti. Netfangið er annakristin@islandia.is.



Létt grín.

Gunna fór reglulega niður að tjörn að gefa öndunum. Einu sinni sem oftár þegar hún var að henda brauðmolum út í vatnið, vatt sér að henni mjög alvarlegur maður og sagði: “Veistu það kona góð, að meðan þú ert að fôðra fugla á þessu dýrindisbrauði er fólk að svelta í þriðja heiminum.”

Gunna var ekki vön að láta slá sig út af laginu og svaraði:

“Fyrirgefðu vinur, en ég get bara ekki kastað svo langt.”

Gæðingamót Funa 2000.

Gæðingamót Funa var haldið 4. júní 2000 og var það jafnframt úrtaka fyrir landsmót. Kvöldið áður var haldið opið töltnót og kappreiðar.

Birtar eru einkunnir bæði í forkeppni og úrslitum.

Úrslit voru eftirfarandi:

150 m. skeið:

1. Sól. Eigandi og knapi: Agnar Snorri Stefánsson.
Tími: 16,80.
 2. Eldjárn frá Efri-Rauðalæk. Eig: Guðlaugur Arason.
Kn: Guðmundur Hannesson. Tími: 17,20.
- Aðrir hestar lágu ekki.

250 m. skeið:

1. Vaskur frá Vöglum. Eigandi og knapi: Baldvin Ari Guðlaugsson.
Tími: 24,20.

Tölt:

1. Baldvin Ari Guðlaugsson á Kleinu frá Kjartansstöðum.
83,60 - 85,90.
2. Úlfhildur Sigurðardóttir á Skugga frá Tumabrekku.
81,60 - 85,20.
3. Þór Jónsteinsson á Hreyfingu frá Lönguhlíð.
78,80 - 84,00.
4. Þorbjörn Matthíasson á Fljóð frá Brún.
75,60 - 77,80.
5. Guðmundur Hannesson á Vin frá Litla-Dunhaga.
74,70 - 77,60

Ungmennaflokkur:

1. Hrímnir frá Ytri-Tjörnum. Eig: Sigursteinn Sigurðsson og Ásdís Sigursteinsdóttir. Knapi : Ásdís Sigursteinsdóttir.
Einkunn 8,09 - 8,35.
2. Indjáni frá Ysta-Gerði. Eig/knapi: Þórhallur Þorvaldsson.
Einkunn 8,05 - 8,26.
3. Hera frá Rifkelsstöðum. Eig: Bjarni Kristinsson. Knapi: Sindri Bjarnason.
Einkunn 7,74 - 7,95.

Barnaflokkur:

1. Embla frá Ytra-Skörðugili. Eig: Bergþór Ásgrímsson.
Knapi: Anna Sonja Ágústsdóttir.
Einkunn 8,24.

A-flokkur gæðinga:

1. Ómur frá Brún. Eig: Matthías Eiðsson. Kn: Baldvin Ari Guðlaugsson.
Einkunn 8,39 - 8,50.
2. Seifur frá Skriðu. Eig: Mínerva Sverrisdóttir Kn: Þór Jónsteinsson.
Einkunn 8,17 - 8,34.
3. Ljósbrá frá Brún. Eig/kn: Matthías Eiðsson.
Knapi í úrslitum Birgir Árnason.
Einkunn 8,03 - 8,29.
4. Kolfreyja frá Höskuldsstöðum. Eig: Sigurður Snæbjörnsson.
Knapi: Björn Einarsson.
Einkunn 8,03 - 8,22.
5. Gletting frá Brún. Eig/kn: Matthías Eiðsson.
Einkunn 8,08 - 8,20.

B-flokkur gæðinga:

1. Biskup frá Akureyri. Eig: Hulda Sigurðardóttir og Ágúst Ásgrímsson.
Knapi: Birgir Árnason.
Einkunn 8,17 - 8,43.
2. Stormur frá Akri. Eig: Þór Hjaltason. Knapi: Þór Jónsteinsson.
Einkunn 8,23 - 8,43.
3. Blakkur frá Brekku. Eig: Friðrik Jónsson. Knapi: Eyþór Jónasson.
Einkunn 8,06 - 8,23.
4. Stormur frá Akureyri. Eig: Auður Hallsdóttir. Kn: Birgir Árnason.
Knapi í úrslitum Auður Hallsdóttir.
Einkunn 7,97 - 7,99.
5. Dósent frá Brún. Eig: Matthías Eiðsson. Kn: Þorbjörn Matthíasson.
Einkunn 8,14 - lauk ekki keppni.

Einn keppandi, Þorgils Magnússon, var skráður í unglingsflokk en hann forfallaðist vegna veikinda. Stjórn félagsins tók þá ákvörðun að gefa honum kost á að fara á landsmót, sem hann og þáði. Hann keppti þar á hestinum Sóma frá Hofsstöðum sem er í hans eigu. Félagið átti rétt á að senda tvo keppendur í hvern flokk á landsmótinu, samtals 10 hross, en 8 voru send.

Bæjakeppni Funa 2000.

Bæjakeppnin var haldin 26. ágúst í blíðskaparveðri.

Af ýmsum sökum var fjöldi keppanda með minna móti.

Þátttökubæjir voru 69 talsins og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Þeir eru:

Króksstaðir-Stefán	Þórustaðir 5	Brekka
Svertingsstaðir 2	Svertingsstaðir 3	Skálpagerði
Ytri-Hóll 1	Berjaklöpp	Hjarðarhagi
Syðri-Hóll 1	Syðri-Hóll 2	Garðsa
Höskuldsstaðir	Öngulstaðir 1	Öngulstaðir 2
Öngulstaðir 3	Syðri-Tjarnir	Hóll 2
Punktur	Klauf	Uppsafir-Jóhann
Uppsafir-Ingi og Matta	Sigtún	Rifkelsstaðir 1
Litli-Hamar	Stóri-Hamar 1	Bringa-Reynir og Frey
Bringa-Jóna og Sverrir	Kvistás	Akur
Kálfagerði 1	Möðruvellir 1	Stekkjjarflatir
Gnúpufell	Æsustaðir-Bragi	Arnarstaðir
Hólakot	Vatnsendi	Halldórsstaðir
Hólsgerði	Torfufell 1	Villingadalur
Leyningur	Jórunnarstaðir	Ártún
Gullbrekka-Birgir	Samkomugerði 2	Árgerði
Stóri-Dalur	Ytra-Dalsgerði	Mikligarður
Ysta-Gerði	Árbakki	Gilbakki
Möðrufell	Árbær	Finnastaðir
Holtset	Torfur	Grund 2-Þorsteinn
Grund 2-Gunnar	Hólshús-Birna	Merkigil
Hranastaðir	Íslandsbærinn	Kristnes
Teigur-Þorgerður	Teigur-Birgir	Hvammur

Úrslit voru eftirfarandi:

Barnaflokkur:

1. Anna Sonja Ágústsdóttir á Pontu - keppti fyrir Íslandsbæinn.
2. Sunna Hrafnisdóttir á Elju - keppti fyrir Möðrufell.
3. Svana Ingólfisdóttir á Hljóm - keppti fyrir Villingadal.

Unglingaflokkur:

1. Þorgils Magnússon á Sóma - keppti fyrir Hvamm.

Kvennaflokkur:


1. Ásdís Sigursteinsdóttir á Hrímnri - keppti fyrir Finnastaði.
2. Herdís Ármannsdóttir á Feril - keppti fyrir Syðri-Tjarnir.
3. Rósa Hreinsdóttir á Sörla - keppti fyrir Samkomugerði 2.

Karlaflokkur:

1. Stefán Birgir Stefánsson á Þræði - keppti fyrir Garðsá.
2. Björn Einarsson á Tuma - keppti fyrir Uppsalið-Inga og Möttu.
3. Magni Kjartansson á Millu - keppti fyrir Torfufell 1.

Opinn flokkur:

1. Diljá Óladóttir á Leikni - keppti fyrir Akur.
2. Þorbjörn Matthíasson á Fljóð - keppti fyrir Bringu-Jónu og Sverrir.
3. Stefán Birgir Stefánsson á Gyðju - keppti fyrir Gilsbakka.



Bingó.

Félagið hélt bingó í Funaborg 2. desember sl. og mættu á milli 50 og 60 manns til leiks enda var til mikils að vinna. Undirbúningsnefndin fékk alla vinningana gefins og viljum við nota tækifærið og þakka kærlega fyrir stuðninginn. Eftirtaldir aðilar gáfu vinningana:

- Ármann Ólafsson Litla-Garði.
- Matthías Eiðsson Möðrufelli.
- Ármann Gunnarsson Akureyri.
- Byko.
- Hestabúðin.
- Leikfélag Akureyrar.
- Siemens-búðin.
- Norðurmynd.
- Skógræktarfélag Eyfirðinga.
- Gallerið í Teigi.
- KEA-hangikjöt.
- Þórunna Björgvinsdóttir og Anna Kristín Árnadóttir Leifshúsum.



Hvað er það sem hefur fjóra fætur en engin eyru?
Hundur Mike Tysons.

Á léttu nóttunum.

Ópolinmæði: Þegar fólk er að flýta sér að bíða.

Svartsýnismaður: Sá sem kemur í veg fyrir að bjartsýnisfólk verði of ánægt með lífið.

Snilld: Það að geta skrúfað jafnhrott frá heita og kalda krananum í sturtunni.

Kannski: Tvö atkvæði sem þýða já eða nei.

Minni: Það sem fær þig til að reyna að rifja upp það sem þú ert löngu búinn að gleyma.

Snigillinn lagði af stað upp kirsuberjatréð og var afar hægfara.

Þegar hann var búinn að mjaka sér u.þ.b. 15 sentimetra upp eftir trjábólnum stakk fluga hausnum út úr holu í trjábólnum og sagði:

“Þú getur sparað þér ómakið, það eru engin kirsuber á þessu tré.”

“Nei, en þau verða það þegar ég verð kominn upp,” sagði snigillinn og hélt áfram ferðinni.”

Ég er að leita að gjöf handa vini mínum. Það gæti orðið erfitt því hann á bókstaflega allt.

Er þá ekki ráðið að gefa honum fallett dagatal svo hann geti merkt afborganirnar inn á það.

Maður nokkur hafði keypt sér páfagauk sem gat lært að tala. Hann hafði einsett sér að kenna honum fyrst að segja “halló” og byrjaði hvern morgun á því að segja aftur og aftur “halló”. Páfagaukurinn virtist ekki mjög áhugasamur um námið og sat gjarnan með lokuð augun á meðan.

Einn morguninn þegar maðurinn stóð fyrir framan búið og tautaði “halló, halló” opnaði páfagaukurinn augun syfjulega og sagði: “Svarar aldrei í þessu númeri?”

Björgunarbáturinn hafði verið á reki í marga klukkutíma þegar einn sjómaðurinn, sem venjulega var ekki beinlínis til fyrirmyndar í kristilegu líferni, lagðist á hnén og byrjaði að biðja.

“Góði Guð, miskunna þú okkur. Við skulum lofa að”

“Bíddu, Júlli, bíddu!” hrópaði einn félagi hans. “Ég held ég sjái land.”

Verkamaðurinn var að hreinsa þorpsklukkuna og stóð uppi í háum turni og þússaði vísana. Hann var í afar óþægilegri aðstöðu og hálfhék á stóra vísinum meðan hann þússaði þann litla. Þar sem hann hékk þarna gekk kona framhjá og kallaði upp til hans: “Hvað ertu að gera þarna maður, er klukkan biluð?” “Nei, nei. Ég er bara svona nærsýnn!”

Árið 2000.

Nú er enn eitt árið að renna sitt skeið og þá er við hæfi að líta um öxl og meta hvað hafi áunnist á árinu. Við fyrstu sýn virðist manni oft að það sé harla lítið, en hafa skal í huga að margt smátt gerir eitt stórt. Eins og flestir vita þá hafa skuldir Melgerðismela verið hestamannafélögunum, Funa og Létti, þungur baggi. Hefur þetta komið verulega niður á starfsemi félaganna svo að ekki sé meira sagt.

Nú hefur hinsvegar rofað til því að Melgerðismelar sf. fá 12 milljóna króna styrk úr ríkissjóði samkvæmt fjárukalögum fyrir árið 2000. Þetta fékkst staðfest nú í byrjun desember. Þar með er þungu fargi af okkur létt og hestamenn geta loksins farið að horfa björtum augum fram á veginn.

Lítið hefur verið rætt og ritað um reiðvegamála. Þau mál hafa hinsvegar verið til skoðunar hjá samstarfsnefnd um reiðvegamála. Er það nefnd sem komið var á laggirnar fyrir tilstilli sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Nefndin hefur lokið störfum sínum og næsta skref í málinu er að Vegagerðin meti þá valkosti sem eru í stöðunni. Þegar því verður lokið mun málið verða kynnt hlutaðeigandi aðilum.

Það er mín skoðun að þessi mál séu í góðum farvegi og faglega að verki staðið.

Á síðasta aðalfundi var stjórn félagsins falið að kanna þann möguleika, að bjóða út veitingarekstur í félagsheimili Funa. Stjórnin hefur viljandi dregið að gera nokkuð í þeim málum, meðal annars vegna þess að ekki var vitað hvernig mál Melgerðismela myndu þróast.

Á vordögum var hrundið af stað viðræðum um stofnun rekstrarfélags um Melgerðismela. Fyrst hittust formenn, Funa, Léttis og Hrossaræktarsamtaka Eyfirðinga og Þingeyinga, að beiðni formanns samtakanna. Á þeim fundi var ákveðið að skoða hvort grundvöllur væri fyrir stofnun slíks félags.

Hvert félag tilnefndi einn mann til setu í nefnd til að kanna þessi mál, auk þess hefur sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar setið fundi nefndarinnar.

Ýmsum hugmyndum hefur verið velt upp og er þar horft til hestatengdar starfsemi í bland við annað. Vonandi verður hægt að kynna þetta nánar á aðalfundi félagsins sem haldinn verður í febrúar næstkomandi.

Ýmislegt annað hefur verið til umfjöllunar hjá stjórn Funa en það verður ekki tíundað frekar hér.

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka þeim fjölmörgu sem komið hafa að starfsemi félagsins, með einum eða öðrum hætti, fyrir vel unnin störf. Einnig vil ég óska félagsmönnum Funa, lesendum Funafréttu, svo og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Anna Kristín formaður.

Vísukorn.

Þó slípist hestur og slitni gjörð,
slettunum ekki kvíddu,
hugsaðu hvorki um himin né jörð,
haltu þér fast og ríddu.

Þórður á Strjúgi

Betra er að vera klakaklár
og krafsa snjó til heiða
en lifa mýldur öll sín ár
undir hnakk og reiða.

Hermann Jónasson

Brúnn fram skundar bráðvakur,
brýtur sundur steinflögur,
hruflar grundu hnarreistur,
hristist undir skeiðvöllur.

Heiðursþokki er hjá honum,
hót ei nokkuð brá honum,
þvitar fokka frá honum,
freyddi um skrokkinn á honum.

Gneistar þjóta gjótum frá,
grundar hnjóta mótar sá,
skeifnabryjótur skjótur þá,
skellir fótum grjótið á.

Jónas Jónsson frá Sigluvík

Áfram veginn vonda ég held,
vill hann eigi skána,
þó halli degi og komi kveld
kvíði ég ei á Grána.

Ókunnur höfundur

Séra Magnús settist upp á Skjóna,
sá var ekki líkur neinum dóna,
hann var glaður,
hátaktaður
höfðingsmaður,
honum ber að þjóna.

Ókunnur höfundur



Ljúft er að horfa á leikinn þá,
létt og fimleg tökin,
meðan dögum æsku á
ekkert þreytir bökin.

Fögnuður er að fá sér sprett.
Föx og búkar ljóma,
meðan hlaupin láta létt
og lífið er í blóma.

Ókunnur höfundur

Fleygar setningar úr tjónaskýrslum.

“Ég rakst á kyrrstæðan vörubíl, sem var að koma úr hinni áttinni”

“Ég hélt að bílglugginn væri opinn, þangað til ég hafði stungið höfðinu út um hann”

“Ég sagði lögreglunni að ég væri ómeiddur, en þegar ég tók ofan hattinn komst ég að því að ég væri höfuðkúpubrotinn”

“Það kom bara ósýnilegur bíll, rakst á mig og hvarf”

“Ég sá að gamli maðurinn mundi aldrei hafa það yfir götuna og keyrði því á hann”

“Ég var búinn að keyra í 40 ár, þegar ég sofnaði við stýrið og lenti í slysinu”

“Sá fótgangandi stóð og vissi ekkert í hvora áttina hann átti að fara svo að ég keyrði yfir hann”

“Ég var á leiðinni til læknisins, þegar púströrið datt aftur úr mér”

“Ég var að reyna að drepa flugu og keyrði þarna á símastaurinn”

“Hinn bíllinn keyrði beint á mig, án þess að gefa neitt merki um hvað hann ætlaði að gera”

“Það bakkaði trukkur í gegnum rúðuna hjá mér og beint í andlitið á konunni”

“Maðurinn var allsstaðar á veginum, ég varð að taka heilmargar beygjur áður en ég rakst á hann”

“Ég beygði frá vegbrúninni, rétt leit á tengdamömmu og hentist út af veginum hinum megin”

“...við byrjuðum að taka U-beygju, en þurftum að bíða eftir að bílarnir sem komu úr gagnstæðri átt væru farnir, en eftir nokkurra sekúndna bið klessir bíll inn í okkur og flaug hausinn á mér í andlitið á bílstjóranum”